

15. gr.

Verklega kennslu samkvæmt 1. lið 13. gr. má einungis veita í kvikmyndahúsi, sem notar 2 vélar til sýninga og sýnir að minnsta kosti sjö 1½ til 2 stunda sýningar á viku hverri.

49

12. marz

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Stjórnartíðindi 1947, B. 7.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Lög um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936, undirskrifuð af forsetanum 28. marz 1947, nr. 21.

Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

Lög um breyting á lögum nr. 93, 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1947, nr. 24.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvisitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á visitöluna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af forsetanum 14. apríl 1947, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 27.

Lög um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.

AUGLÝSING

um gjald af innlendum tollvörutegundum.

50

14. apríl

Með því að forseti Íslands hefur í dag staðfest lög um breyting á lögum nr. 60 frá 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, auglýsist hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laganna til þargreindrar hækkunar á framgreindu gjaldi.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1947.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.